



# Ingibjörg Salóme

## Kynning vegna stjórnarkjörs FKA

Ingibjörg Salóme heiti ég, gjaldkeri FKA, framkvæmdastjóri, mamma, amma, eiginkona, vinkona, vinur, hundaræktandi og FKA-kona. Eftir frábært ár í stjórn FKA, sem hefur í senn verið einstaklega ánægjulegt og lærdómsríkt, býð ég mig aftur fram til stjórnarsetu í okkar frábæra félagi.

Ég er menntaður viðskiptafræðingur og lauk meistaranámi í Árangursstjórnun frá Árósháskóla árið 2004. Eftir heimkomu starfaði ég sem mannauðsstjóri hjá Matís 2005-2008 og hugbúnaðarfyrtækinu Teris á árunum 2008 - 2010. Árið 2009 stofnaði ég ásamt eiginmanni mínum verslunina Gæludýr.is og árið 2015 stofnuðum við heildverslunina Petmark ehf. Árið 2022 festum við kaup á versluninni home&you. Í dag starfa ég sem framkvæmdastjóri Gæludýr.is og home & you. Auk þess hef ég starfað í ýmsum stjórnnum. Ég sat í stjórn Hundaræktarfélags Íslands enda er eitt stærsta áhugamál mitt hundar og allt sem þeim viðkemur.

Ég hef nú starfað í aðalstjórn FKA í eitt ár og hefur það verið afar ánægjulegur tími. Mér var treyst fyrir því veigamikla hlutverki að vera gjaldkeri félagsins, auk þess sem ég hef verið tengiliður Platínuhóps FKA við stjórn. Ég hef tekið að mér stór og smá verkefni fyrir félagið og hef ég haft mikla ánægju af starfinu og að kynnast öllum okkar frábæru félagskonum. Mig langar mikið til að halda áfram að leggja mitt af mörkum til að byggja upp FKA og óska því eftir þínu atkvæði í stjórnarkjöri FKA þann 15 maí 2024.

Mér finnst gott mottó í lífinu að geta hugsað að ævikveldi að með veru minni á þessari jörð hafi ég skilið eftir mig eitthvað gott, betra en ég hefði ekki verið. Markmið mitt í lífinu er að vera jákvæð, taka öllum sem jafningjum, kynnast nýju fólki og efla sjálfa mig bæði í starfi og leik.

**Með vinsemd,  
Ingibjörg Salóme.**

☎ 616-9124 ✉ [inga@gaeludyr.is](mailto:inga@gaeludyr.is)